



Nýársávarp  
forseta Íslands  
Ásgeirs Ásgeirssonar  
1. janúar 1956

Góðir Íslendingar!

Samkvæmt góðri venju, jafn gamalli lýðveldinu, ávarpa ég yður héðan frá Bessastöðum nú á nýársdag. Nýtt ár er gengið í garð, og við hjónin flytjum yður öllum og þjóðinni í heild, innilegar nýárskveðjur og blessunaróskir. Þessum tímamótum fylgja góðir ásetningar um að ganga á Guðs vegum og bæn um hans handleiðslu.

Jafnframt þökkum við hjartanlega gamla árið, sem nú er liðið í skaut aldanna, og kemur aðeins til baka í endurminningunni, og sprettu þeirra frækorna, sem tengja framtíð við fortíð. Fortíðin fylgir okkur, og í því eru fólgnir einhverjir mestu fjársjóðir íslensku þjóðarinnar, að hún hefir varðveitt sögu sína og endurminningar frá upphafi vega, ýmist til fagnaðar og hvatningar fyrir komandi kynslóðir eða viðvörunar. Sagan og reynslan eru góður skóli fyrir þjóð og þegn.

Eitt af því, sem við þökkum, eru viðtökur og leiðsaga á ferðum okkar um landið. Það var hugsun mín að ljúka á þessum fjórum árum yfirreið um öll lögsagnarumdæmi, og er það í sjálfu sér engin ofætlun, eins og samgöngum er nú háttað. Það sem áður var vikuferð, er nú dagleið á þjóðvegum eða stundarflug í lofti. En bæði varð fyrsta sumarið ódrjúgt, og eins hefir tíðarfarið í sumar sem leið hindrað að svo gæti orðið. Og er ekki fleira þar um að tala. En þó einhverjum hafi þótt fullmikið um mín ferðalög, þá vil ég nota þetta tækifæri til að hvetja alla, og ekki síst hina ungu kynslóð, sem vex nú upp í bæjum og borgum, til að ferðast sem mest um sitt eigið land, sjá fegurð þess og tign, kynnast fólki í mörgum byggðarlögum, þjóðmenningu og framtaki á öllum sviðum. Mér segir svo hugur um, að slík landkönnun og viðkynning, sé ein af þeim stöðum, sem vort unga lýðveldi þarf helst, sér til styrktar og þroska.

Íslandslýsing og landafræði er góð, en hún verður fyrst ljóslifandi á ferðalögum. Landið er ekki tóm jarðfræði, heldur örnefni og minningar, og fólkið, sem býr þar, grónar grundir, fjöll og fossar og allir regnbogans litir. Og í landi hinna miklu fólksflutninga eiga allir skyldmenn og kunningja í sveitum og bæjum á víxl. Heimsókn á æskustöðvar er sálubót, og yngra fólkið, sem lítið hefir af öðru að segja en kaupstaðnum, þar sem það er fætt og fóstrað, á einnig æskustöðvar og bólstaði forfeðra sinna um land allt. Íslendingar eru allra þjóða ættfróðastir, en áhuginn á þeim fræðum kemur hjá flestum fyrst þegar aldurinn færir yfir. Ég vildi ráðleggja ykkur, sem yngri eruð, að kaupa Íslandskort, og marka á það hringa, þar sem foreldrar ykkar hafa búið, afar og ömmur, langafar og langömmur. Sumir fá um leið áhuga fyrir að rekja lengra fram. Það er gaman að sjá, hvernig Íslandskortið lítur þá út! Það eins og

færist meira líf yfir landið, og það verður skyldara okkur persónulega. Við fáum meiri áhuga á því að vita, hvar frændur okkar séu niðurkomnir, og leiðbeining um það, hvert sumarferðunum skuli stefnt. Sá verður aldrei rótlaus, sem rekur ætt sína á kynnisför úr einu héraði í annað. Og allt sem tengir okkur ættjarðarböndum við land og samlanda er þjóðerninu, þjóðfélaginu og hinu unga lýðveldi til styrktar.

Lýðveldið á sér langa sögu. Það hefir ekki sprottið eins og Aþena, albrynjuð úr höfði Seifs. Ef ekki væri íslenskt þjóðerni með sínum sérkennum, máli og sögu, þá væri heldur ekkert íslenskt ríki. Þjóðernið er fjöreggið, sem hver kynslóð fram af annarri þarf að eignast og varðveita. Það hefir sjaldan hátt um sig, og það þekktist ekki af skrumi né stígvélabrokki. Þeir sem slíku beita og kenna sig við þjóðerni eru venjulega yfirgangsseggir og ofbeldisþjóðir, sem unna engum öðrum sjálfstæðs þjóðernis og réttar. Það verður jafnan stutt í þeirra þúsundaráriki. En smáþjóðir, sem engan ágang sýna, og unna öðrum sannmælis verða oft langlífir í landinu. Sést það m.a. á Norðurlandþjóðum, sem sumar eru einhver elstu ríki álfunnar. En saga þeirra á hinum síðari tímum, er um margt til fyrirmyndar.

Vér Íslendingar erum sjálfir ein þessara þjóða að stofni til, erfðavenjum og hugsunarhætti. Vér höfum endurheimt sjálfstæði vort fyrir langa baráttu, án vopnaburðar og blóðsúthellinga með vorum sögulega og náttúrulega rétti. Megum vér gjarnan minnst vorrar gömlu sambandsþjóðar fyrir það með virðingu og vinsemd. Og sérstaklega getum vér minnst hinna síðari konunga vorra með þakklæti. Ríkisstjórn hvers þeirra um sig tákna stóra áfanga í sjálfstæðismálinu. Ég veit, að Friðrik Danakonungur og drottning hans, munu glöggt finna vorn góða hug, þegar þau heimsækja Ísland í vor, enda er sú heimsókn merkur atburður mikillar sögu, og til fyrirmyndar öðrum um samskipti þjóða á þessari brösóttu öld.

Þjóð, sem hefir sótt sín mál með sögulegum rökum og sigrað fyrir mátt þjóðernis og manndóms forystumanna sinna, má síst afrækja fjöregg sitt, hina þjóðlegu menningu. Það verða ungir og gamlir að skilja. Og sem betur fer sjást þess ýmis merki í íslenskum fræðum, listum og bókmenntum að íslensk þjóðmenning er ekki á fallanda fæti. Það var vel til fallið að Þjóðminjasafnið nýja skyldi reist í tilefni af Lýðveldisstofnuninni. Það var þökk til fortíðarinnar og áminning til vor sjálfra. En á feðranna frægð einni saman, lifir engin þjóð til lengdar. Til þess þarf þjóðararfurinn að verða lifandi afl í oss sjálfum og börnum vorum. Og hann má ekki standa í stað, heldur verður hann að bera ávöxt og gefa arð á líðandi stund í lífi þjóðarinnar. Hvöt er best í ljóði, og kvæðin mega ekki falla í gleymsku, og ný verða að bætast við. Hinar fornu sögur eru mikið keyptar, og heimilin og hinir mörgu skólar, verða að sjá til þess, að hin upprennandi æska fari ekki á mis við Egil og Gretti, Gunnar og Njál, Bergþóru og Ásdísi á Bjargi. Nýleg söguefni eru næg, ef ekki brestur sagnamenn. Í hinu mikla bókaflóði þykist ég sjá þess ríkan vott, bæði í kveðskap og sagnaskáldskap, að mikil gróska er í þjóðlífinu. Þar eru innanum listaverk sem lifa, þó margt falli til botns. Og þess ber að minnst með þjóðarþökk, að á hinu liðna ári hlaut Íslendingur hinn hæsta heiður sem rithöfundur getur hlotið, Nóbelsverðlaunin. Má öllum þjóðum skiljast, bæði af rökstuðningi Akademiunnar sænsku og hátíðarræðu skáldsins, að hér er ekki að ræða um stakan drang í miðju Atlantshafi, heldur einn hæsta tindinn á miklu eylandi, þar sem fámenn og fátæk þjóð, hefir um aldir lagt stund á bókvísi. Í sagnfræði höfum vér og eignast ágæt rit, og er fátt nauðsynlegra en að fylkingar aldanna blasi við nútíð og framtíð. Af eigin reynslu og fordæmi þeirra, sem á undan eru gengnir, lærist stjórnvísinn best. Þessum arfi þurfum vér að lofta, og mætti saga landsins, bókmenntir og íslenskt mál, sem geymir mannvit og hugsun í kristalskál,

gjarnan vera forspjallsvísindi allrar sérfræði í hærri skólum. En lifandi þarf það nám að vera, og enginn þulufróðleikur, hvar sem það er stundað.

Þekking á landi og þjóð, sögu og bókmenning er ein styrkasta stoð stjórnarfrarsins, og þá ekki síst hjá þjóð, sem halda vill uppi lýðræði og lýðveldi í framhaldi langrar, samfelldrar sögu. En það skipulag er fámennri þjóð með vorri rótgrónu menningu, bæði eðlilegt og sjálfsagt. Lögrétta, Lögberg og Alþingi eru gömul orð og gild. Þeirra helgi hefir aldrei liðið úr minni þjóðarinnar, og þó hinn almenni atkvæðisréttur sé nýr, þá voru goðarnir um margt háðir sínum þingmönnum, og höfðu ríkar skyldur við þá. Með endurreisn Alþingis kom endurreisn sjálfstraustsins. Engum öðrum trúum vér til að stýra vorum eigin málum en oss sjálfum, og fullt jafnrétti áskiljum vér oss í öllu samstarfi við aðrar þjóðir. Þjóðin er fámenn, en lýðveldið stendur á breiðum grunni. Hinum einstaka þegn er falið úrslitavald í málefnum þjóðarinnar. Í þessu öllu er fólgið mikið sjálfstraust, í góðri merkingu, og traust á samþegnum. Og vér skulum ekki láta það sér til skammar varða! Slíkt skipulag, sem byggist á trausti á manneðlinu, eða að minnsta kosti trausti á þroska og menningu vorrar eigin þjóðar, ætti nokkuð að milda innanlandsátökin. En eftir sambandsslitin höfum vér við oss eina að berjast. Og vísast eru þó hin stóru orð, sem stundum eru notuð, ekki eins sterk og ókunnugum kann að virðast. Þau hafa öfugt eðli við ísjakann, því mestur hlutinn stendur upp úr, en rista grunnt. Lýðræði byggist að vísu á góðri forystu, eins og allt stjórnarfar, forystu margra manna, sem hæfir séu til að taka við hver af öðrum, en það byggist ekki síður á dómgreind og íhugun hins almenna kjósanda. Við hann á að tala eins og hygginn mann af fullri kurteisi. Að öðrum kost er lýðræðið í hættu. Áróðurstækinn víða um heim á síðari tímum, er ekki til fyrirmyndar, en þar er fámennri þjóð, sem á mikla sögu að baki, minni hætta búin en mörgum öðrum.

Vér höfum mikið hlutverk, Íslendingar sem nú lifum, og ábyrgð: að grundvalla nýtt ríki og gefa því festu. Því fylgja ýmis ný vandasöm viðfangsefni, ekki síst í utanríkismálum og fjármálum ríkis og atvinnuvega. Vér skulum vona að vel rætist úr hverjum vanda. Öldurnar rísa oft býsna hátt og sýnast geigvænlegar, þegar horft er framan í þær, en ládaudar þegar lítið er aftur um stafn. Það er oft hávaðasamt á hinum haslaða velli stjórnmalabaráttunnar og þó kyrrlátara utan marka meðal almennings. Aðferð vor er þessi: frjálsar umræður og óskoraður tillöguréttur í þeirri trú, að bestu úrræðin finnist með því móti, þegar til lengdar lætur, og nægilegt fylgi við þau. Það er eina aðferðin til að komast hjá því, að láta aflíð ráða úrslitum og stjórna vitinu. Þetta hefir gefist vel. Og ekki skulum vér í hita baráttunnar gleyma öllu því, sem áunnist hefir, frá því að Alþingi var endurreist fyrir rúmum hundrað árum. Samanburður á upphafi og endi þeirrar aldar, ber lýðræðinu gott vitni. Það væri mikil skammsýni að meta allt það lítils sem áunnist hefir um líf skjör og stjórnarhætti. Vér erum á réttri leið, þó brautin sé ekki þráðbein, og jafnan þurfi að ryðja hana fram í tímann.

Ég hefi lagt höfuðáherslu á nauðsyn þjóðlegrar menningar, bæði fyrir göfugt þjóðlíf og gott stjórnarfar. Það er að vísu sjálfsagt að fylgjast með tímanum, og nauðsynlegt að skilja réttilega rás viðburðanna með öðrum þjóðum. En í tímans straumi er vort litla þjóðfélag sjálfstæð hringiða. Á manngildinu byggjum vér allar framtíðarvonir og því, hvernig það birtist í bókmenntum, listum, landstjórn og atvinnulífi á hverjum tíma. Þeir hafa sumir orðið skammlífari, sem byggðu allt sitt traust á vopnum. Um manngildið stöndum vér ekki verr að vígi en aðrar þjóðir, og metum Snorra Sturluson, Hallgrím Pétursson, Jón Sigurðsson og marga fleiri til jafns við bestu menn heimsins. Í sambandi við fornþekkingu Íslendinga, segir Thomas Carlyle í bók sinni um „Hetjurnar“: „Mikils hefði heimurinn misst, ef Íslandi hefði

ekki skotið upp úr sænum“. Vér óskum þess og biðjum, að Ísland geti sér þann orðstír, að hið endurreista lýðveldi hnígi aldrei aftur í sjá.

Að svo mæltu óska ég öllum árs og friðar, og bið Guð að blessa þjóð vora og fósturjörð.